

Fimmtudagurinn 16. mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 02/2023.

HRFÍ

Gegn

X

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 06. desember 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða X hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para rakkann A við tíkina B þegar rakkinn var skráður í ræktunarbanni vegna grun um PRA hjá tíkinni Heklu Sól.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 31. janúar 2023 og henni gefin frestur til 28. febrúar. Kærða sendi andsvar og upplýsti að pörun hefði átt sér stað áður en rakkinn var skráður í ræktunarbann. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram að Enskur Cocker Spaniel.

Undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð. Greinist hundur með arfgenga starblindu (hereditary cataract) skal hann skráður í ræktunarbann. DNA prófa skal undaneldisdýr vegna prcd-PRA. DNA prófa skal undaneldisdýr vegna familial nephropathy (FN) og ræktunarbann er á hunda sem greinast með sjúkdóminn.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að para undan rakka í ræktunarbanni.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

Málinu er vísað frá þar sem bréf dagsett 20. janúar 2023 frá HRFÍ um að rakkinn A væri skráður í ræktunarbanni barst eiganda eftir pörun.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsson

Arnheiður Runólfsdóttir

Sunna B. Helgadóttir

Sunna Birna Helgadóttir

Selma Olsen

Selma Olsen